

Erindisbréf efnisorðaráðs

Í samningum Landskerfis bókasafna hf. um sérfræðiþjónustu vegna bókasafnskerfis og um afnot af kerfinu segir eftirfarandi í kaflanum um Öryggi og gæði gagna: „Efnisorðaráð á vegum verksala [Landskerfis bókasafna hf.] hefur það hlutverk að úrskurða um efnisorð í Gegni.“

Efnisorðaráð Gegnis er skipað fjórum sérfræðingum á sviði efnisorða. Landskerfi bókasafna skipar þrjá fulltrúa að fenginni tillögu frá skráningarráði Gegnis. Formaður efnisorðaráðs er ritstjóri efnisorða Gegnis sem tilnefndur er af Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Greidd er þóknun vegna setu í efnisorðaráði.

Hlutverk efnisorðaráðs Gegnis er eftirfarandi

1. Að vera samstarfsvettvangur Landskerfis bókasafna og bókasafna landsins varðandi efnisorðagjöf og gerð efnisorðalykils fyrir Gegni.
2. Að marka stefnu, fylgjast með þróun og setja verklagsreglur um efnisorðagerð og efnisorðagjöf í Gegni í samræmi við alþjóðlegar reglur og staðla.
3. Að þróa kerfisbundinn efnisorðalykil (thesaurus) sem byggir á *Kerfisbundnum efnisorðalykli fyrir bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar*, 3. útg. 2001. Þróunarstarfið byggist á eftirfarandi samningum:
 - a. Samningi um gerð kerfisbundinnar efnisorðaskrár milli menntamálaráðuneytis og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, dags. 4. sept. 2001.
 - b. Samningi um nytjaleyfi Kerfisbundins efnisorðalykils milli höfunda lykilsins, Landskerfis bókasafna og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, dags. jan. 2004.
 - c. Samkomulagi vegna efnisorðavinnu milli Landskerfis bókasafna og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, dags. 1. mars 2007.
4. Að vinna úr tillögum að nýjum efnisorðum, samþykkja orðin eða hafna þeim og taka samþykkt orð upp í kerfisbundna efnisorðalykilinn. Á sama hátt er unnið úr efnisorðum úr gamla Gegni.
5. Að móta reglur um aðferðir til að fylgjast með efnisorðagjöf í Gegni. Öllum sem gefa efnisorð ber að hlíta þeim reglum sem efnisorðaráð setur og framfylgja mótaðri gæðastefnu.
6. Að skera úr um ágreiningsmál varðandi efnisorðagerð og efnisorðagjöf.
7. Að skipa vinnuhópa um þróun efnisorða á sérefnisviðum eftir því sem þörf krefur, s.s. um efnisorðagerð fyrir bókmenntir, tónlist og á sviði vísinda og tækni.
8. Að hafa forgöngu um fræðslu um efnisorðagerð og efnisorðagjöf.

Starfsreglur efnisorðaráðs

1. Efnisorðaráð er skipað til tveggja ára í senn og getur skipt með sér verkefnum.
2. Miðað skal við að efnisorðaráð haldi vikulega fundi yfir vetrarmánuðina.
3. Fréttir af fundum eru birtar á vef Landskerfis bókasafna.
4. Samþykktir efnisorðaráðs endurspeglast í Gegni svo fljótt sem auðið er.

Erindisbréf þetta skal endurskoðað fyrir árslok 2008.

Reykjavík 23. apríl 2007,

f.h. Landskerfis bókasafna hf.
Sveinbjörg Sveinsdóttir